

Þriðjudaginn 23. nóvember 1993.

Nr. 460/1993. **Róbert Benediktsson og
Jón Garðar Sigurjónsson**
gegn
Péttri Gíslasyni.

Kærumál. Kyrrsetning, Vátryggingarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðilar hafa samkvæmt heimild í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 2. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. nóvember 1993, sem barst Hæstarétti ásamt kærugögnum 17. sama mánaðar. Þeir krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur þeirra fyrir héraðsdómi verði teknar til greina. Sóknaraðilar krefjast enn fremur málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í hinum kærða úrskurði er lýst þeirri kröfu sóknaraðila, að kyrrsetning fari fram í eigum varnaraðila vegna vinnu þeirra við húseignirnar að Víkurbraut 27 og Mánagötu 9, Grindavík, og nái kyrrsetningin til tryggingarbóta, sem varnaraðili eigi rétt á hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. í kjölfar þess, að húseign varnaraðila að Víkurbraut 27 skemmdist vegna bruna.

Í vátryggingarskilmálum Vátryggingafélags Íslands hf. um bruna-tryggingar húseigna kemur glöggst fram, að einvörðungu er heimilt að greiða bætur fyrir tjón á húsum, er skemmst hafa við bruna, til viðgerða á þeim eða endurbyggingar. Er þetta í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands, en það félag og Samvinnutryggingar gt. sameinuðust í Vátryggingafélag Íslands hf. Þegar af þessari ástæðu ber að fallast á niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila sameiginlega 50.000 krónur í

kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisauka-skatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Róbert Benediktsson og Jón Garðar Sigurjónsson, greiði sameiginlega varnaraðila, Péttri Gíslasyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 19. október 1993.

I.

Mál þetta, sem varðar ágreining við kyrrsetningargerð, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 12. október sl.

Sóknaraðilar, Róbert Benediktsson, kt. 280144-3209, Öldugötu 25, Hafnarfirði, og Jón G. Sigurjónsson, kt. 201262-3999, Skógarási 13, Reykjavík, gera þá dómkröfu, að hrundið verði þeirri ákvörðun sýslumannsins í Keflavík frá 30. september sl., að kyrrsetning í eigum varnaraðila, Péturs Gíslasonar, fari ekki fram, — jafnframt, að lagt verði fyrir sýslumann að láta kyrrsetninguna fara fram og að kyrrsetningin nái til tryggingarbóta, sem varnaraðili eigi rétt á hjá Vátryggingafélagi Íslands, skírteinisnúmer F-209270. Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Varnaraðili, Pétur Gíslason, kt. 010348-2859, Mánagötu 9, Grindavík, gerir þá dómkröfu, að staðfest verði sú ákvörðun sýslumanns, að kyrrsetningargerð skuli ekki fram fara. Þá gerir varnaraðili kröfu um, að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi sóknaraðila vegna fyrirtöku málsins hjá sýslumanni og flutnings þess fyrir dóminum og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu varnaraðila að greiða virðisaukaskatt á þóknun lögmanns.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II.

Málavextir eru þeir, að með bréfi lögmanns sóknaraðila, dags. 14. september sl., krafðist hann þess, að kyrrsetning færi fram í eigum varnaraðila til tryggingar eftirfarandi kröfu auk dráttarvaxta til greiðsludags, alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmáls:

Höfuðstóll	kr. 890.440
Áfallnir dráttarvextir	— 16.975
Innheimtukostnaður	— 62.500
Ritun gerðarbeiðni	— 12.500
Gjald til ríkissjóðs	— 9.000
Samtals	kr. 991.415

— — —

Kyrrsetningarbeiðni sóknaraðila var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Keflavík 30. september sl. Af hálfu varnaraðila var því andmælt, að gerðin næði fram að ganga. Lagði varnaraðili fram tímaskýrslur og greiðslukvittanir, dags. 11., 18. og 25. júní og 9., 16. og 23. júlí sl., samtals að fjárhæð 618.300 kr. Sýslumaður tók þá ákvörðun, að gerðin færi ekki fram, en þeirri ákvörðun skutu sóknaraðilar til héraðsdóms. Málið barst dómnum 4. október sl. og var þingfest 7. sama mánaðar.

— — —

V.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum um kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila vegna verks sóknaraðila, sem unnið var í júní og júlí sl. Sóknaraðilar halda því fram, að varnaraðili eigi ógreidda skuld vegna verksins, að höfuðstól 890.440 kr., en varnaraðili telur, að hann hafi að fullu greitt fyrir verkið, ef frá er talin þóknun samkvæmt tveimur tímaseðlum, ódagsettum, að höfuðstól 78.300 kr. Heldur varnaraðili því fram, að ágreiningur hafi orðið með aðilum um tiltekinn verkþátt, sem varnaraðili þurfi að láta vinna að nýju.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, á varnaraðili fasteignir í Grindavík. Jafnframt liggur fyrir, að varnaraðili innti af hendi greiðslur til sóknaraðila með jöfnu millibili meginhluta þess tíma, sem þeir störfuðu í þágu varnaraðila. Þá hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendir til þess, að fjárhagsstaða varnaraðila eða aðrar aðstæður séu með þeim hætti, að ástæða sé til að óttast, að hann geti ekki fullnægt kröfu sóknaraðila að gengnum dómi um greiðsluskyldu eða bent á nægar eignir til tryggingar við aðför. Sóknaraðilar hafa ekki leitt að því líkur, að hagsmunum sínum sé stefnt í hættu, náí umbeðin gerð ekki fram að ganga. Er ófullnægjandi hjá sóknaraðilum í því sambandi einungis að benda á tiltekna eign, tryggingarbætur, er varnaraðili eigi í vændum, sem sóknaraðilar telja ákjósanlegar til að tryggja hagsmuni sína. Að þessu virtu þykja skilyrði kyrrsetningar samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1991 ekki koma til greina. Ber því að hafna kröfum sóknaraðila og staðfesta þá ákvörðun sýslumannsins

2098

í Keflavík frá 30. september sl., að kyrrsetning í eignum varnaraðila fari ekki fram.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila in solidum 60.000 kr. í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun sýslumannsins í Keflavík frá 30. september sl., að kyrrsetning í eignum varnaraðila, Péturs Gíslasonar, að kröfu sóknaraðila, Róberts Benediktssonar og Jóns G. Sigurjónssonar, fari ekki fram, er staðfest.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila in solidum 60.000 kr. í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.
